

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

635. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. febrúar 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Erindi Sigríðar Tryggvadóttur.
2. Bréf Náttúrustofu NV og Selaseturs Íslands ehf.
3. Bréf Þjóðskrár.
4. Ályktanir aðalfundar Smábátafélagsins Skalla.
5. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 3. febrúar sl.
6. Umsóknir um rekstur tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi.
7. Fundarboð til eigenda Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna ásamt stefnumótunarskýrslu um rekstur Byggðasafnsins.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi Sigríðar Tryggvadóttur þar sem hún sækir um fjárframlag frá Húnaþingi vestra vegna gerðar heimildarmyndar um Sumardaginn fyrsta á Hvammstanga. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga.
2. Bréf Náttúrustofu NV og Selaseturs Íslands ehf. lagt fram, en þar er greint frá því að þessir aðilar hyggist halda sérstakan fræðsludag um náttúruferir í Húnavatnssýslum þann 10. apríl nk. Óskað er eftir 50.000- kr. fjárstyrk frá Húnaþingi vestra vegna verkefnisins. Byggðarráð samþykkir erindið.
3. Til kynningar lagt fram bréf Þjóðskrár þar sem kynnt er að kjörskrárstofn vegna fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu þann 6. mars nk. skuli miðast við 13. febrúar sl. Það þýðir að einstaklingar verða á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir voru skráðir með lögheimili þann 13. febrúar sl.
4. Fram lagðar til kynningar ályktanir aðalfundar Smábátafélagsins Skalla.
5. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 3. febrúar sl. lögð fram. Í fundargerðinni er m.a. fjallað um fyrirbyggjandi drög að nýjum menningarsamningi og er því beint til sveitarfélaganna að þau samþykki framlengingu á samstarfssamningi um menningarmál til ársloka 2010. Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlengingu á samstarfssamningnum.
6. Fram lagðar umsóknir um rekstur tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Umsóknir bárust frá Erlu B. Kristinsdóttur/Sveini Inga Bragasyni og Eðvaldi Daníelssyni/Kjartani Sveinssyni f.h. óstofnaðs félags þeirra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla nánari upplýsinga frá umsækjendum.
7. Fram lagt fundarboð til eigenda Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna ásamt stefnumótunarskýrslu um rekstur Byggðasafnsins. Til stóð að fundurinn yrði haldinn kl. 14:30 í dag en honum hefur nú verið frestað vegna veðurs og ófærðar. Nýr fundartími hefur verið ákveðinn mánudaginn 22. febrúar nk. kl 14:30 í Staðarflöt.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 50 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2009/2010:

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 2010 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 82/2010 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2006/2007, 2007/2008 og 2008/2009.
- b) Ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 82/2010 um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er fellt niður.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 82/2010 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 82/2010 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru eins og sérákvæði Húnaþings vestra voru endanlega hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008/2009. Hvað **a)** lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiár, rökstuðningur úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra er vegna skerðingar í veiðum og vinnslu á rækju. Hvað **b)** lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiár. Tillaga um að aftengja hámarksúthlutun 15 þorskígildistonn til einstakra fiskiskipa/báta er rökstudd með því að annars verður því ekki viðkomið að úthluta öllum byggðakvótanum. Hvað **c)** lið varðar þá er rökstuðningur sveitarstjórnar sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla. 9. Fram lagður til kynningar ársreikningur Reykjatanga ehf. fyrir árið 2008. 10. Fram lagt fundarboð Sýslumannsins á Blönduósi. Fulltrúar sveitarfélaga og viðbragðsaðila eru boðaðir til kynningarfundar um skipulag og viðbragð almanna. Fundurinn verður haldinn á Blönduósi þann 18. febrúar nk. kl. 16:00. 11. Fram lagðar til kynningar upplýsingar úr viðhorfskönnun meðal nemenda og foreldra og forráðamanna barna í 8., 9., og 10. bekk grunnskóla til dreifnáms í Húnaþingi vestra. Undirtektir til hugmyndarinnar eru dræmar en athygli vekur hve margir eru óákveðnir. Byggðarráð leggur þá áherslu á að áfram verði unnið að stofnun framhaldsdeildar á Hvammstanga.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:10.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi: Oddur Sigurðarson(sign.).